

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir sjóðinn Þjóðhátíðargjöf Norðmanna, nr. 279/1975, með síðari breytingum nr. 199/1998, nr. 295/1999 og nr. 988/2009.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að auðvelda Íslendingum að ferðast til Noregs. Í þessu skyni skal veita viðurkenndum félögum, samtökum, skipulögðum hópum og einstaklingum ferðastyrki til Noregs í því skyni að efla samskipti þjóðanna t.d. með þátttöku í mótum, ráðstefnum eða kynnisferðum sem efnt er til á tvíhliða grundvelli.

4. gr. orðist svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal ársreikningum sjóðsins skilað til Ríkisendurskoðunar fyrir 30. júní ár hvert.

5. gr. orðist svo:

Árlega skal vaxtatekjum og hluta af höfuðstól ráðstafað til að stuðla að tilgangi sjóðsins. Sjóðstjórn ákveður þá fjárhæð sem til ráðstöfunar er hverju sinni. Sjóðstjórn er heimilt að ráðstafa öllum höfuðstól sjóðsins til að stuðla að tilgangi hans.

7. gr. orðist svo:

Í stjórn sjóðsins skulu vera þrír menn; sendiherra Noregs á Íslandi skal sjálfskipaður, en tveir stjórnarmanna skulu skipaðir af menningar- og viðskiptaráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Láti stjórnarmaður af störfum fyrir lok starfstímabils skal strax skipa annan mann í hans stað er sitji út skipunartímann. Stjórnin kys formann og varaformann úr sínum hóp.

8. gr. orðist svo:

Menningar- og viðskiptaráðuneytið sér um ritara- og skrifstofustörf sjóðsins samkvæmt nánara samkomulagi milli ráðuneytisins og sjóðstjórnar.

11. gr. orðist svo:

Skipulagsskrá þessari má breyta í samráði við menningar- og viðskiptaráðuneytið.

12. gr. orðist svo:

Leita skal staðfestingar sýslumannsembættisins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir sjóðinn Þjóðhátíðargjöf Norðmanna staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 28. nóvember 2024,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.